

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

2013/EES/70/03

frá 5. maí 2009

## um leiðréttingu á tilskipun 2008/73/EB um að einfalda málsmeðferð að því er varðar skráningu og birtingu upplýsinga á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða og dýraræktar

(2009/436/EB) (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2008/73/EB <sup>(2)</sup> var samtals 23 gerðum ráðsins breytt, m.a. til að kveða á um einfaldaða málsmeðferð fyrir skráningu og útgáfu upplýsinga á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða og dýraræktar.
- 2) Tilskipun 2008/73/EB öðlaðist gildi 3. september 2008. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að þeirri tilskipun eigi síðar en 1. janúar 2010. Hins vegar var í þeirri tilskipun ekki kveðið á um að aðildarríkin skyldu beita þessum ákvæðum frá þeim degi.
- 3) Til að tryggja réttarvissu skal tilskipun 2008/73/EB leiðrétta til að tryggja að aðildarríkin beiti þeim breytingum, sem gerðar voru á hinum ýmsu gerðum ráðsins með þeirri tilskipun til að kveða á um þessa einfölduðu málsmeðferð, á samræmdan hátt frá 1. janúar 2010. Því ber að leiðrétta tilskipun 2008/73/EB svo hún gildi einnig frá þeim degi. Til samræmis við það skal einnig leiðrétta þá tilskipun til að kveða á um að aðildarríkin skuli beita þeim ákvæðum frá þeim degi.
- 4) Tilteknar aðrar breytingar á tilskipunum 64/432/EBE <sup>(3)</sup> og 90/426/EBE <sup>(4)</sup>, sem gerðar voru með tilskipun 2008/73/EB, varða hins vegar ekki einfölduðu málsmeðferðina og því þurfa aðildarríkin ekki að fresta gildistökudeginum til 1. janúar 2010. Þessar breytingar varða annars vegar samþykkt tiltekinna ráðstafana

varðandi heilbrigði dýra í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(5)</sup> og leiðrétta hins vegar úrelta tilvísun.

- 5) Til að tryggja snurðulaus umskipti til hinnar nýju, einfölduðu málsmeðferðar fyrir skráningu og birtingu upplýsinga á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða og dýraræktar, skal kveðið á um að samþykkja megi umbreytingarákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í ákvörðun 1999/468/EB.
- 6) Til að tryggja réttarvissu og samfelldni skal þessi ákvörðun gilda frá 3. september 2008, gildistökudegi tilskipunar 2008/73/EB.
- 7) Því ber að leiðrétta tilskipun 2008/73/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2008/73/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. mgr. 20. gr. falli brott.
2. Eftirfarandi greinar bætist við:

„23. gr. a

**Umbreytingarákvæði**

Heimilt er að samþykkja umbreytingarákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. b.

23. gr. b

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra, sem skipuð var með 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 (\*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 145, 10.6.2009, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Álit frá 2. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 40.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 42.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.“

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

3. Í stað 1. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.“

4. Í stað 25. gr. komi eftirfarandi:

„25. gr.

#### **Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2010, að undanskildri 1. gr. (1. og 5. mgr.) og 7. gr., 23. gr. a og 23. gr. b.“

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 3. september 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. maí 2009.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. KALOUSEK

*forseti.*